



BORGARSKJALASAFN
REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 132

Félag heyrnarlausra

Skjalaskrá

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík
www.borgarskjalasafn.is/borgarskjalasafn@reykjavik.is

Einkaskjalasafn nr. 132

Félag heyrnarlausra

Formáli

Þann 31. ágúst 1952 var fyrst gerð tilraun til þess að stofna félag meðal heyrnarlausra, Félag heyrnar- og málleysingja, hér á landi. Félagið var þó ekki langlíft og lifði aðeins í sex mánuði en í skjalasafni Félags heyrnarlausra má finna fjárreiðubók þessa félags þar sem taldir eru upp 23 félagar. Félag heyrnarlausra var síðan stofnað 11. febrúar 1960 og voru stofnfélagar 33 talsins. Samkvæmt lögum félagsins skyldi tilgangur þess vera „að stuðla að auknum félagsskap þeirra, sem mállitlir eða mállausir eru vegna heyrnarleysis og vinna að hagsmunamálum þeirra“.

Til þess að sinna þessu hlutverki sínu skyldi félagið halda „samkomur, spilakvöld, skemmtanir eða kvikmyndasýningar fyrir meðlimi sína ekki sjaldnar en tvisvar í mánuði og beita sér fyrir öðru því, sem orðið getur meðlimum þess til stundastyttingar í frítímum þeirra“. Þannig var tilgangur félagsins í upphafi að vera félagsskapur heyrnarlausra sem kæmi saman öðru hvoru til þess að skemmta sér og öðrum.

Þannig voru nokkur félög stofnuð innan Félags heyrnarlausra til eflingar áhugamála félagsmanna. Stofnað var skákfélag árið 1972, skíðaklúbbur 1978 auk þess sem Íþróttafélag heyrnarlausra var stofnað árið 1979 en það félag var síðan rekið aðskilið frá Félagi heyrnarlausra. Borgarskjalasafn varðveitir skjalasafn Íþróttafélags heyrnarlausra. Enn fremur voru stofnaðir „Klúbbur '37“ árið 1988 sem ætlaður var félagsmönnum 37 ára og eldri og Myndbandsklúbbur heyrnarlausra árið 1989.

Hefur félagið einnig gefið út tímarit frá árinu 1976 ásamt ýmsu útgáfuefni um málefni heyrnarlausra, s.s. táknmálsorðabók og ýmsa bæklinga um réttindamál heyrnarlausra.

Fyrsti áratugurinn í sögu félagsins fór hægt af stað en þó var strax árið 1960 farið að vinna að þátttöku félagsins í norrænu samstarfi með systurfélögum á Norðurlöndum. Árið 1974 gerðist Félag heyrnarlausra svo aðili að Norðurlandaráði heyrnarlausra en tilgangur þess félags er m.a. að auka samstarf milli heyrnarlausra á Norðurlöndum. Í framhaldi af inngöngunni varð félagið virkt í erlendu samstarfi en árið 1974 hélt Félag heyrnarlausra fund Norðurlandaráðs heyrnarlausra hér á Íslandi og aftur árið 1976 og 1981.

Norrænt æskulýðsmót var síðan haldið á Íslandi 1976 og 1986, mót aldraðra heyrnarlausra var haldið í Reykjavík árið 1977 og norræn menningarhátíð var haldin á Íslandi árið 1986. Einnig er Félag heyrnarlausra aðili í Öryrkjabandalagi Íslands og Alheimssamtökum heyrnarlausra.

Réttindamál heyrnarlausra hafa á síðustu áratugum orðið æ fyrirferðameiri í starfsemi félagsins. Þó náðist fram mikilvægt réttindamál þegar árið 1964 þegar heyrnarlausir fengu ökuréttindi sem heyrnarlausir í nágrannalöndunum höfðu haft árum saman.

Á níunda áratugnum varð vakning innan félagsins í réttindamálum heyrnarlausra, ekki síst varðandi móðurmál þeirra, táknmálið. Fór félagið m.a. að beita sér fyrir hagsmunum heyrnarlausra þar sem þeir höfðu orðið undir í þjóðfélaginu. Barðist félagið fyrir tryggingarbotum til heyrnarlausra en í könnun meðal félagsmanna árið 1978 kom í ljós að ekki sátu allir við sama borð í þeim efnum og fáir hlutu styrk. Skilaði sú barátta af sér að þeir sem eru heyrnarskertir fá bætur frá Tryggingarstofnun að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Fréttaágríp á táknmáli í sjónvarpi var einnig mikilvægt framfaraskref í réttindamálum heyrnarlausra en félagið barðist fyrir því frá upphafi.

Það var svo 1. nóvember 1980 sem fyrsta fréttaágrípið á táknmáli var flutt í sjónvarpi á Íslandi af Vilhjálm G. Vilhjálmssyni. Í dag hefur hlutverk félagsins aukist frá því að vera félagsskapur heyrnarlausra yfir í að hafa það að markmiði að bæta stöðu heyrnarlausra í samfélaginu og stuðla að réttindum þeirra til jafns við aðra. Enn fremur miðar félagið að því að koma upplýsingum til almennings um heyrnarleysi og táknmálið, tungumál heyrnarlausra.

Félag heyrnarlausra hefur í gegnum árin hlotið ómetanlegan stuðning frá Foreldra- og styrktarfélagi heyrnarlausra sem stofnað var 16. september 1966. Hefur það félag m.a. gefið út ýmis rit um táknmál og heyrnarleysi ásamt því að hafa styrkt Félag heyrnarlausra í félagsstarfsemi sinni.

Stofnun framkvæmdanefndar Félags heyrnarlausra árið 1975, sem varð grundvöllur samstarfs milli félagsins og Foreldra- og styrktarfélags heyrnardaufra, markaði ákveðin tímamót í sögu félagsins. Verkefni nefndarinnar var m.a. að vinna að öflun fjár sem m.a. skyldi verja til aukinna erlendra samskipta, m.a. við Norðurlönd, námskeiðshalds, útgáfu táknmálsorðabókar ásamt fleiri verkefnum.

Fljótlega var ljóst að ekki var til nægilegt fé fyrir öllum þeim verkefnum sem biðu framkvæmda og var því stofnað til happdrættis sem síðan hefur verið ein aðaltekjulindin í rekstri félagsins.

Félag heyrnarlausra hafði fyrst aðstöðu í Heyrnleysingjaskólanum í Stakkholti en þótti það húsnæði henta illa fyrir starfsemina og fljótlega var farið að safna fé fyrir eigin húsnæði. Það var svo 1977 að félagið festi kaup á miðhæð Skólavörðustígs 21. Var félagið þar til húsa uns það flutti árið 1982 að Klapparstíg 28. Í dag rekur félagið skrifstofur sínar að Laugavegi 103.

Formenn Félags heyrnarlausra hafa verið Guðmundur Björnsson 1960-1964, Ólafur Guðmundsson 1965, Daníel Jensen 1966-1971, Böðvar Árnason 1972, Marteinn Friðjónsson 1973, Hervör Guðjónsdóttir 1974-1982, Vilhjálmur G. Vilhjálmsson 1983-1987, Haukur Vilhjálmsson 1988-1989 og Berglind Stefánsdóttir.

Heimildir:

Heimasíða Félags heyrnarlausra www.deaf.is

Bryndís Guðmundsdóttir og Guðmundur Egilsson: Heyrnarlausir á Íslandi, sögulegt yfirlit. Reykjavík 1989.

Um skjalasafn Félags heyrnarlausra

Stærstur hluti skjala Félags heyrnarlausra voru sótt á skrifstofu félagsins, Laugaveg 103, 12. september 2002 af starfsmanni Borgarskjalasafns Reykjavíkur. Síðan hafa bæst í safnið afhendingar frá 10. júlí 2003 sem afhent var af starfsmanni Félags heyrnarlausra, Steinunni Þorvaldsdóttur, og voru það myndbönd úr starfi félagsins, skráð í öskjur DB1-DB3. Þann 24. júní 2005 afhenti þáverandi formaður Félags heyrnarlausra, Kristinn Jón Bjarnason, ýmis skjöl sem skráð voru í öskjur GB34-GB44, CB14-CB20, CD10-CD15, CA4 og CC4.

Síðasta afhending var 26. janúar 2006 sem voru litskyggnur úr starfi Félags heyrnarlausra sem skráð voru í öskjur DC1-DC20. Fyrir var til ein askja með skjölum frá Félagi heyrnarlausra sem var afhent safninu 22. október 1998 og er sú askja merkt E9 í þessari skjalaskrá.

Skjölín voru sótt í geymslu félagsins þar sem þeim hafði verið pakkað ofan í pappakassa ásamt því að vera enn í skrifstofumöppum. Við komu á Borgarskjalasafn Reykjavíkur var skjölunum umpakkað í sérstakar skjalaöskjur og fyrirferðamiklar skrifstofumöppur fjarlægðar. Að hluta til hafði safninu verið pakkað skipulega ofan í kassa og því var safnið í ágætu ásigkomulagi og ágætlega skipulagt og við skráningu og frágang á Borgarskjalasafni Reykjavíkur hefur innri röðun skjalasafnsins fengið að halda sér. Við skráningu safnsins kom í ljós skjalaskrá sem gerð hafði verið þegar eldri skjölum félagsins var pakkað niður árið 1991. Hún var hins vegar ónákvæm og lýsti aðeins efnisinnihaldi kassanna í einni setningu. Einnig hafði skjölunum verið pakkað niður eftir stafrófsröð þannig að gestabækur og gjörðabækur lentu saman í öskjum. Því þurfti að umpakka skjölunum og raða skjalaflokkum saman.

Skjöl Félags heyrnarlausra eru almennt frá upphafsári félagsins 1960 og til 2002, með einni undantekningu en varðveist hefur dagbók bókhalds frá fyrirrennara félagsins Félagi heyrnar- og málleysingja 1952-1953. Þó virðist vera stórt gat milli árunna 1960 og 1970 en þar vantar mikið af skjölum í safnið. Kann skýringin að vera sú að skjöl frá þessum tíma voru geymd í kjallara Klapparstígs 28 en þar flæddi og nokkuð af skjölum skemmdist og var þeim hent. Einnig kann að vera að nokkuð hafi glatast við flutning á milli staða í gegnum árin. (Upplýsingar frá Skrifstofu Félags heyrnarlausra í júní 2003).

Skjalaflokkar

Við skráningu á skjalasafni Félags heyrnarlausra var skjölum í hverjum skjalaflokki haldið út af fyrir sig og þeim ekki blandað saman. Hver skjalaflokkur hefur sinn bókstaf og eru öskjur merktar með hlaupandi númeraröð innan hvers skjalaflokks. Í sumum skjalaflokkunum vantar skjölín fyrir ákveðin árabíl. Haft var samband við starfsmann á skrifstofu Félags heyrnarlausra til skýringa og fengust þau

svör að skjöl þessi væru glötuð. Að sama skapi veitir gamla skjalaskráin engar upplýsingar um af hverju þessi skjöl vantar inn í safnið en þau hefur einnig vantað þegar sú skrá var gerð árið 1991. Eftirfarandi skjalaflokkar eru í skjalasafni Félags heyrnarlausra:

A Fundagerðir

B Bréfasafn

BA Innlend bréf

BB Erlend bréf

C Sérsmål – ýmis mál

CA Hapdrætti

CB Erlendar ráðstefnur og fundir

CC Vinnugögn formanna

CD Ýmis sérsmål

CE Gestabækur

D Ljósmyndir og myndbönd

DA Ljósmyndir

DB Myndbönd

DC Litskyggnur

DD DVD diskar

E Útgefið efni

F Ársskýrslur

G Bókhald

GA Bókhaldsbækur

GB Fylgiskjöl

GC Ársreikningar

A Fundagerðir: Í þessum skjalaflokki eru fundagerðir Félags heyrnarlausra, bæði innbundnar bækur og lausblaða. Því miður hafa elstu fundagerðarbækur Félags heyrnarlausra ekki varðveist og eru þær löngu glataðar (Sjá Bryndís Guðmundsdóttir og Guðmundur Egilsson: Heyrnarlausir á Íslandi, sögulegt yfirlit, bls. 118). Þannig er elsta fundagerðarbók félagsins sem varðveist hefur frá árinu 1972. Yngsta fundagerðarbókin er frá árinu 1996 en yngri fundagerðum var ekki skilað á Borgarskjalasafn.

B Bréfasafn: Í þessum skjalaflokki eru bréf Félags heyrnarlausra. Svo virðist sem engar bréfadagbækur hafi verið haldnar hjá Félagi heyrnarlausra heldur hafi bréfunum verið raðað í tímaröð og þeim skipt í innlend bréf og erlend bréf. Enn fremur eru engar bréfabækur varðveittar í safni Félags heyrnarlausra en útsend bréf eru hins vegar sett í tímaröð með innkomnum bréfum. Þó er ekki hægt að segja með neinni vissu hvort öll útsend bréf hafi verið varðveitt.

BA Innlend bréf: Elstu innlendu bréfin sem hafa varðveist eru frá árinu 1971, að því undanskildu að stofnbréf félagsins frá 1960 hefur varðveist. Innlend bréf frá árunum 1960-1970 hafa því miður ekki varðveist. Enn fremur hafa innlend bréf frá árunum 1973-1974 ekki varðveist. Innlend bréf ná til ársins 1994 en ekki var skilað yngri bréfum inn á Borgarskjalasafn. Innlendum bréfum til ársins 1993 er raðað eftir árum og þá yfirleitt í þeirri tímaröð sem þau bárust félaginu. Árunum 1993-1994 er raðað eftir stafrófsröð sendanda.

BB Erlend bréf: Elstu erlendu bréfin eru frá árinu 1980 en bréf frá árunum 1960-1979 hafa því miður ekki varðveist. Erlend bréf ná til ársins 1994 en ekki var skilað yngri bréfum inn á Borgarskjalasafn. Erlendu bréfunum er raðað eftir tímaröð.

Þó skal gæta þess að mörg bréf frá þessum tíma eru innan um ákveðin mál í skjalasafninu og þá helst í skjalaflokknum C Sérsmål – ýmis mál.

C Sérsmål – ýmis mál: Undir þennan flokk falla ýmis sérsmål Félags heyrnarlausra. Málum í þessum skjalaflokki hafði verið haldið skipulega saman að hluta en þó ekki þannig að hægt væri að kalla málaflokk. Nokkur málefni hafa þó verið fyrirferðarmikil í starfsemi félagsins, t.d. hapdrættismál og erlend samskipti.

CA Hapdrætti: Í þessum skjalaflokki eru skjöl er varða hapdrætti Félags heyrnarlausra og eru þau elstu frá árunum 1975 og þau yngstu frá árinu 1999. Í þessum skjölum má finna ýmislegt um rekstur hapdrættisins, fyrir utan bókhaldsgögn sem eru í skjalaflokknum G Bókhald.

CB Erlendar ráðstefnur og fundir: Í þessum skjalaflokki er að finna ýmis skjöl um erlend samskipti Félags heyrnarlausra. Skjölum fyrir hvern málaflokk hefur verið haldið út af fyrir sig, t.d. eru skjöl frá fundi Norðurlandaráðs heyrnarlausra haldið út af fyrir sig en skjöl um samskipti við Norðurlandaráð

heyrnarlausra er haldið sér. Þannig hafði þessu verið haldið saman á skrifstofu Félags heyrnarlausra og því fær sú röðun að halda sér.

CC Vinnugögn: Hér eru vinnugögn starfsmanna félagsins, m.a. frá fyrrverandi formönnum félagsins.

CD Ýmis sérmál: Ýmis skjöl um málefni heyrnarlausra, ásamt gögnum um rekstur félagsins.

CE Gestabækur: Gestabækur Félags heyrnarlausra, sú elsta frá 1975 og sú yngsta frá árinu 1995.

D Ljósmyndir, myndbönd og DVD:

DA Ljósmyndir: Ljósmyndir sem fylgdu með safni Félags heyrnarlausra. Ekki er um samræmt safn að ræða. Við skráningu á ljósmyndum félagsins naut starfsmaður Borgarskjalasafns aðstoðar Steinunnar L. Þorvaldsdóttur, félagsfulltrúa á skrifstofu Félags heyrnarlausra, en hún gat nafngreint allnokkra á myndunum.

DB Myndbönd: 10. júlí 2003 afhenti Steinunn Þorvaldsdóttir fjölda VHS myndbanda úr starfi Félags heyrnarlausra, framleitt af Sjóntákn, myndbandamiðstöð Félags heyrnarlausra.

DC Litskyggnur: Í þessum flokki eru litskyggnur (slides-myndir) úr starfi Félags heyrnarlausra, auk nokkurra úr starfi Heyrnleysingjaskólans. Skyggnurnar eru varðveittar í þar til gerðum hylkjum sem notaðar eru í skyggnuvélar. Hvert hylki tekur 80 skyggnur en ekki eru öll full. Í flestum öskjum er nánari innihaldslýsing á skyggnunum handrituð.

DD DVD diskar frá starfi Félags heyrnarlausra.

E Útgefið efni: Í þessum flokki er að mestu útgefið eigið efni Félags heyrnarlausra, s.s. fréttabréf, tímarit og útgefið fræðsluefni fyrir heyrnarlausra. Einnig er að finna útgefið efni annarra um málefni heyrnarlausra. Af útgefnu efni Félags heyrnarlausra barst mikið magn af sömu eintökunum, t.d. mörg eintök af sama tölublaði Tímariti heyrnarlausra og voru aðeins geymd 1-2 eintök af hverju tölublaði, öðru var skilað á skrifstofur Félags heyrnarlausra.

F Ársskýrslur: Ársskýrslur félagsins, skýrslur formanna og aðalfunda. Ekki hafa varðveist ársskýrslur frá fyrri árum og sú elsta er frá árinu 1979 en ekki er vitað hvort gefnar hafa verið út ársskýrslur um starfsemi félagsins fyrir þann tíma.

G Bókhald: Í þessum skjalaflokki er að finna bókhaldsgögn frá Félagi heyrnarlausra.

GA Bókhaldsbækur: Undir þennan flokk falla dagbækur, sjóðbækur og höfuðbækur félagsins. Dagbók frá Félagi heyrnar- og málleysingja 1952-1953 er í þessum flokki en í sömu bók er einnig að finna dagbókarfærslur fyrir Félag heyrnarlausra fyrstu tvö árin 1960-1962 en Félag heyrnar- og málleysingja var undanfari Félags heyrnarlausra en félagið lifði þó ekki lengi. Því miður hafa ekki allar bókhaldsbækur félagsins varðveist.

GB Fylgiskjöl: Fylgiskjöl bókhalds Félags heyrnarlausra eru í þessum flokki. Samkvæmt bókhaldslögum er ekki skylt að varðveita fylgiskjöl bókhalds eldri en sjö ára. Hins vegar veita slík skjöl oft mikinn fróðleik um starfsemi félags. Meirihluti fylgiskjala félagsins frá 1972-1999 var þó varðveittur á skrifstofu Félags heyrnarlausra. Ekki hafa varðveist öll fylgiskjöl félagsins og engin regla um hvað var varðveitt og hvað grisjað. Í þessum flokki eru hins vegar varðveitt öll fylgiskjöl félagsins sem bárust á Borgarskjalasafn.

GC Ársreikningar: Hér er að finna ársreikninga frá Félagi heyrnarlausra. Elstu ársreikningarnir eru frá árinu 1979 og þeir yngstu frá árinu 2001. Því miður hafa ársreikningar frá 1960-1978 ekki varðveist en ekki er vitað hvenær farið var að gera þá hjá Félagi heyrnarlausra.

Skjalaskrá

A Fundargerðir

Askja A1

Bók 1

Fundagerðarbók Félags heyrnarlausra 3. mars 1972 - 1. nóvember 1979.

Bók 2

Fundagerðarbók framkvæmdanefndar og stjórnar Félags heyrnarlausra 26. nóvember 1977 - 18. mars 1978.

Bók 3

Fundagerðarbók stjórnar Félags heyrnarlausra 26. september 1979 - 2. júlí 1981.

Bók 4

Fundagerðarbók stjórnar Félags heyrnarlausra 9. ágúst 1981 - 8. desember 1985.

Askja A2

Bók 1

Fundagerðir stjórnar Félags heyrnarlausra 7. maí 1990 - 12. júní 1993 ásamt fylgiskjöllum, lausblaða.

Bók 2

Fundagerðir stjórnar Félags heyrnarlausra 13. janúar 1995 - 14. nóvember 1996 ásamt fylgiskjöllum, lausblaða.

Mappa 3

Afrit af fundagerðum stjórnarfunda Félags heyrnarlausra 1990-1993 á disklingum.

Askja A3

Bók 1

Fundagerðarbók framkvæmdanefndar heyrnardaufra 7. apríl 1983 - 8. nóvember 1989.

Bók 2

Fundagerðarbók aðalfunda Félags heyrnarlausra 24. maí 1986 - 17. maí 1989.

Bók 3

Fundagerðarbók aðalfunda Félags heyrnarlausra 12. maí 1990 - 18. september 1991.

Bók 4

Fundagerðir aðalfunda Félags heyrnarlausra 11. júní 1994 - 20. maí 1995, lausblaða.

Askja A4

Bók 1

Fundagerðir framkvæmdanefndar Félags heyrnarlausra 7. apríl 1983 - 21. mars 1990 ásamt fylgiskjöllum.

Bók 2

Í einni bók er Dagbók Skákfélags heyrnardaufra 1981-1983 og fundagerðir aðal- og stjórnarfunda Skákfélags heyrnardaufra 1987-1988.

Bók 3

Fundagerðir Norðurlandaráðs heyrnarlausra 1994.

Bók 4

Fundagerðir framkvæmdanefndar 1983-1985.

Bók 5

Fundagerð fundar áhugafólks um málefni heyrnarlausra 31. jan. 1988.

Askja A 5

Stjórnarfundir Félags heyrnarlausra 1993-1997 og 2001-2002 ásamt fylgiskjöllum.
Fundagerðarbók fyrir félaft ungs heyrnarlaust 16-30 ára.

Askja A 6

Aðalfundir Félags heyrnarlausra 1997, 2000-2012 ásamt fylgiskjöllum, lögum heyrnarlausra o.fl.

BA Innlend bréf o.fl.

Askja BA1

Mappa 1
Stofnbréf Félags heyrnarlausra 1960.

Mappa 2
Innlend bréf 1971-1972, 1976.

Mappa 3
Innlend bréf 1977.

Mappa 4
Innlend bréf 1978.

Mappa 5
Innlend bréf 1979.

Mappa 6
Innlend bréf 1980.

Mappa 7
Innlend bréf 1981.

Mappa 8
Innlend bréf 1982.

Mappa 9
Innlend bréf 1983.

Mappa 10
Innlend bréf 1984.

Mappa 11
Innlend bréf 1985.

Mappa 12
Innlend bréf 1986.

Mappa 13
Ýmis bréf o.fl. 1979-1980, m.a. um happdrættismál, fundi.

Askja BA2

Mappa 1

Bréf 1976-1980, gögn frá Skólavörðustíg 21.
Teikningar af Skólavörðustíg 21.
Samningar um húsaleigu.
Afsal af Skólavörðustíg 21.

Askja BA3

Mappa 1
Innlend bréf 1987.

Mappa 2
Innlend bréf 1988.

Askja BA4

Mappa 1
Innlend bréf 1989.

Askja BA5

Mappa 1
Innlend bréf 1988-1994.

Askja BA6

Mappa 1
Innlend bréf 1. jan. - 30. júní 1990.

Mappa 2
Innlend bréf 1. júlí - 31. des. 1990.

Askja BA7

Mappa 1
Innlend bréf 1991.

Askja BA8

Mappa 1
Innlend bréf 1992.

Askja BA9

Mappa 1
Innlend bréf 1993 A-K.

Mappa 2
Innlend bréf 1993 L-Ö.

Askja BA10

Mappa 1
Innlend bréf 1994 A-K.

Mappa 2
Innlend bréf 1994 L-Ö.

Mappa 3
Símskeyti 1996-2001 vegna afmæla Félags heyrnarlausra.

Mappa 4
Afmæliskort til Félags heyrnarlausra 2000-2001.
Póstkort 1988-1999.
Jólaort útgefin af Félag heyrnarlausra, án árs.

Mappa 5
Bréf frá Héraðsskjalasafni Skagfirðinga ásamt ljósritum úr skjölum safnsins um heyrnarlausa 1999.

Mappa 6
Ýmis innlend bréf 1990-1997.
Disklingur merktur „Bréfasafn / SMS 18.12.1990“.

Askja BA 11

Mappa 1
Bréf út 1998.

Askja BA 12

Mappa 1
Bréf inn 1999.

Mappa 2
Bréf út 1999 (sjá einnig BA 19).

Askja BA 13

Mappa 1
Bréf út 2002

Mappa 2
Bréf út 2003

Mappa 3
Bréf út 2005.

Askja BA 14

Mappa 2
Bréf inn 2003.

Mappa 1
Bréf inn 2004.

Mappa 2
Bréf út 2004.

Askja BA 15

Mappa 1
Bréf inn 2005.

Askja BA 16

Mappa 1
Bréf inn 2006.

Mappa 2
Bréf út 2006.

Askja BA 17

Mappa 1
Bréf inn 2007

Mappa 2
Bréf út 2007.

Askja BA 18

Íþróttafélag heyrnarlausra – ÍFH.

Mappa 1

ÍFH. Stjórnarfundir, verkefnisáætlun, vinnufundir, ferð til Litháen o.fl. 2004.

Mappa 2

ÍFH. Bréf inn /út, mót o.fl. 2004-2006.

Mappa 3

ÍFH. Bréf 2004. Ársþing, málþing, Íþróttabandalag Reykjavíkur, ÍSÍ, erlend samskipti o.fl. W

Askja BA 19

Íþróttafélag heyrnarlausra – ÍHF (blandað erlent og innlent efni)

Mappa 1

Aðal- og stjórnarfundir Íþróttafélags heyrnarlausra, skýrsla stjórna, vinnufundir, bréf, Ársþing EDSO – European deaf sport Organization.

Lög Félags heyrnarlausra.

Lög Íþróttafélags heyrnarlausra

Félagatal, þjónustugjöld o.fl.

Mappa 2

ÍHF 2002-2006. Málafn: Bréf, Íþróttabandalag Reykjavíkur, ÍSÍ, bæklinga, styrkir erlend samskipti o.fl.

Mappa 3

Ástralía 2005. 20th Deaflympic games melbourne 2005: bréf, ferðamálefni, upplýsingar, o.fl.

Askja BA 20

Mappa 1

Samningar: Ástráður Haraldsson, samningur um skrifstofuþjónustu, húsaleigusamningar, dómsmál, beiðni um lagalegt álit, starfslýsing, bréf o.fl. 1998-1999.

Mappa 2

Endurskoðun á Norræna tungumálasamningnum 2005.

Mappa 3

ÍHF Íþróttafélagsamningar:

Mappa 4

Fagráð HTÍ, Heyrnar- og talmeinstöð Íslands ca. 2002-1005, sérfræðiálit, greinargerðir, bréf o.fl.

Mappa 5

HTÍ- Heyrnar- og talmeinstöð Íslands: Bréf, tilboð, símamál o.fl. 1999.

Mappa 6

Dómsmál, trúnaðarmál 2002, varðandi handtöku á heyrnarlausum einstaklingum o.fl. Ill meðferð á upptökuheimilum.

Askja BA 21

Mappa 1

FAX inn/út 1999, þ.e. bréf inn og út 1999 (sjá öskju BA 12).

Mappa 2

Mannréttindaskrifstofa 1988-1998. Ýmis mannréttindamál, fangelsismál, greinargerðir erlend samskipti, ráðgjafþjónusta, viðurkenning á íslensku táknmáli, um íslenska táknmálið sem móðurmál o.fl.

BB Erend bréf

Askja BB1

Mappa 1
Erlend bréf 1980.

Mappa 2
Erlend bréf 1981.

Mappa 3
Erlend bréf 1982.

Mappa 4
Erlend bréf 1983.

Mappa 5
Erlend bréf 1984.

Mappa 6
Erlend bréf 1985.

Mappa 7
Erlend bréf 1986.

Mappa 8
Erlend bréf 1976-1977 varðandi félagslegar tryggingar.

Askja BB2

Mappa 1
Erlend bréf 1987.

Mappa 2
Erlend bréf 1988.

Askja BB3
Mappa 1
Erlend bréf 1989.

Mappa 2
Erlend bréf 1989.

Askja BB4

Mappa 1
Erlend bréf 1990.

Mappa 2
Erlend bréf 1991.

Askja BB5

Mappa 1
Erlend bréf 1992.

Askja BB6

Mappa 1
Erlend bréf 1993.

Askja BB7

Mappa 1
Erlend bréf 1994.

Askja BB8

Mappa 1
Bréf vegna erlendra leikhúsmála 1986-1988.

Mappa 2
Bréf vegna myndbanda fyrir heyrnarskerta (Dövefilm video) 1980-1988.

Mappa 3
Bréfaskriftir og samvinna milli Félags heyrnarlausra og Dövas Nordisk Rad (D.N.R.) 1990-1992.

Mappa 4
Bréf og ljósmynd frá European Union of the Deaf 1998.

Mappa 5
Ýmis erlend bréf 1995-1996.

C Sérmaál – ýmis mál

Askja CA1

Mappa 1
Ýmis rekstur vegna Happdrættis heyrnarlausra 1975-1983.

Mappa 2
Happdrætti Félags heyrnarlausra:
Bréf 1980.
Sölumenn happdrættis 1980, raðað eftir stafrófsröð.
Vinningar og vinningsnúmer 1980.

Mappa 3
Happdrætti Félags heyrnarlausra:
Bréf 1981.
Sölumenn happdrættis 1981, raðað eftir stafrófsröð.
Vinningar og vinningsnúmer 1981.

Mappa 4
Happdrætti Félags heyrnarlausra:
Bréf 1982.
Sölumenn happdrættis 1982, raðað eftir stafrófsröð.
Vinningar og vinningsnúmer 1982.

Mappa 5
Happdrætti Félags heyrnarlausra, hausthappdrætti:
Bréf 1982.
Sölumenn happdrættis 1982, raðað eftir stafrófsröð.
Vinningar og vinningsnúmer 1982.

Mappa 6
Minnisbækur vegna reksturs happdrættis 1977.

Mappa 7
Minnisbækur vegna reksturs happdrættis 1978.

Mappa 8
Minnisbækur vegna reksturs happdrættis 1979.

Askja CA2

Mappa 1
Happdrætti Félags heyrnarlausra:
Sölumenn happdrættis 1983.
Vinningar og vinningsnúmer happdrættis 1983.
Rekstur happdrættis 1983.

Mappa 2
Happdrætti Félags heyrnarlausra, hausthappdrætti:
Sölumenn happdrættis 1983.
Vinningar og vinningsnúmer happdrættis 1983.
Rekstur happdrættis 1983.

Askja CA3

Mappa 1
Happdrætti Félags heyrnarlausra:
Sölumenn happdrættis 1984.
Vinningar og vinningsnúmer happdrættis 1984.
Rekstur happdrættis 1984.

Mappa 2
Happdrætti Félags heyrnarlausra, hausthappdrætti:
Sölumenn happdrættis 1984.
Vinningar og vinningsnúmer happdrættis 1984.
Rekstur happdrættis 1984.

Askja CA4

Mappa 1
Gögn varðandi happdrætti heyrnarlausra 1998.

Mappa 2
Gögn varðandi happdrætti heyrnarlausra vor 1999.

Mappa 3
Gögn varðandi happdrætti heyrnarlausra haust 1999.

Mappa 4
Ýmis gögn varðandi happdrætti heyrnarlausra 1999.

Askja CA 5

Mappa 1
Happdrættismál 1995-1998.

Mappa 2
Ýmislegt. Jólakort, fingramálpennar, árshátíðarmiðar, happdrættismiðar, aðrir miðar, bréfsefni, endurskinsmerki, klemmur og margt fleira.

Askja CA 6

Ýmislegt, bæklingar tengt menningarsögu heyrnarlausra o.fl. m.a. bolur, ýmiss konar erlent efni. Ágrið af þróunarsögu heyrnleysingjakennslunnar og hugleiðingar um vandamál barna Verkefnabók í táknmáli *Upp með hendur*. heyrir þú í. Leiðbeiningar fyrir foreldra heyrnarskertra barna, HERDÍS Haraldsdóttir 1967.

HTÍ: Málbroski barna. heyrnarskerðing. Heyrir barnið þitt.
Handbók. handbók að samfélagi heyrnarlausra í Evrópu.
Háskóli Íslands. Aðgengi og úrræði við H.Í. 2005.
XV. Norræna menningarhátíð heyrnarlausra 1.-5. júlí 1986.
Íslenskt fingrastafróf.
Félag heyrnarlausra, kvittanabækur, félagsgjöld c.a. 1973-1983.

Erlendar ráðstefnur og fundir

Askja CB1

Mappa 1

Gögn frá fundi Norðurlandaráðs heyrnarlausra í Reykjavík 5.-8. júní 1974.

Mappa 2

Gögn frá fundi Norðurlandaráðs heyrnarlausra í Leksand 29. nóv. - 1. des . 1974.

Mappa 3

Gögn frá fundi Norðurlandaráðs heyrnarlausra í Kaupmannahöfn 18.-19. apríl 1975.

Mappa 4

Gögn frá fundi Norðurlandaráðs heyrnarlausra í Drammen 10.-12. október 1975.

Mappa 5

Gögn frá fundi Norðurlandaráðs heyrnarlausra í Helsingfors 23.-25. apríl 1976.

Mappa 6

Gögn frá fundi Norðurlandaráðs heyrnarlausra í Reykjavík 15.-17. október 1976.

Mappa 7

Gögn frá fundi Norðurlandaráðs heyrnarlausra í Leksand 26.-28. maí 1977.

Mappa 8

Gögn frá fundi Norðurlandaráðs heyrnarlausra í Kaupmannahöfn ágúst 1977.

Askja CB2

Mappa 1

Gögn frá fundi Norðurlandaráðs heyrnarlausra í Danmörku 14. janúar 1978.

Mappa 2

Gögn frá fundi Norðurlandaráðs heyrnarlausra í Álaborg 29. júlí 1978.

Mappa 3

Gögn frá fundi Norðurlandaráðs heyrnarlausra í Osló 16.-17. febrúar 1979.

Mappa 4

Gögn frá fundi Norðurlandaráðs heyrnarlausra í Leksand 5.-7. október 1979.

Mappa 5

Gögn frá fundi Norðurlandaráðs heyrnarlausra í Helsingfors september 1980.

Mappa 6

Gögn frá fundi Norðurlandaráðs heyrnarlausra í Reykjavík maí 1981.

Mappa 7

Nordisk dövkonulentmöte i Aalborg 31.7.-2.8. 1978.

Mappa 8

4. Nordiske dövkonsulentmöte i Aalborg 31. juli -2. august 1978. Rapport.

Askja CB3

Mappa 1

Gögn frá Norðurlandaráði heyrnarlausra (DNR):
Bréf 1975-1978
Ráðstefnuskrár 1974-1976

Mappa 2

Gögn frá Norðurlandaráði heyrnarlausra (DNR):
Bréf 1976-1979 o.fl.

Mappa 3

Dövas teckenspråk 1978, táknmál.

Mappa 4

Tolkeseminar i Sverige 8.-12. maj 1978.

Mappa 5

Rapport över Dövas Nordiska Teatersminarium i Hanaholmen 23.4.-27.4.1979.
Norræn ráðstefna um sjálfsvitund heyrnarlausra 1979.
Norræn ráðstefna um sjálfsvitund heyrnarlausra 1984.
Plan för 15 veckors teckenspråksundervisare, án års.
ITI kongress 1978-1979, skýrsla.

Mappa 6

Gögn frá Norðurlandaráði heyrnarlausra (DNR):
Ýmsar skýrslur og bréf 1976-1979.

Mappa 7

Gögn frá Norðurlandaráði heyrnarlausra (DNR):
Ýmsar skýrslur og bréf 1979-1980.

Mappa 8

Andra Nordiska Dövtolkseminariet Stockholm 8. - 12. maj 1978. Skýrsla.

Askja CB4

Mappa 1

Gögn frá Norðurlandaráði heyrnarlausra (DNR):
Bréf 1982
Dövas Förbund RF. Verksamhetsberättelse 1981, 1983.
Dagordning vid Dalaabygdens dövas länsförenings Årsmötte den 13 mars 1982.
Rapport till Nordiska Dövkonsulentmötet på Hanaholmen 31.08.-03.09.1981, Utvecklingen i Finland.
Nordisk Foreningsseminar. Ål, 23.-28. august 1976.
Dagskrá norrænnar félagsráðstefnu heyrnarlausra í Reykjavík 24.-28. maí 1982.
Eyðublöð fundarstjóra, Hervarar Guðjónsdóttur.

Mappa 2

Gögn frá Norðurlandaráði heyrnarlausra (DNR):
Bréf 1981-1982.
Principprogram för Dövas Nordiska Råd.
Nordiskt Seminarium om dövmédvetande 5.-9. okt. 1981.
Rapport från Nordiska Ungdomsseminariet 5.-9. okt. 1981.
Skýrslur aðildarlanda vegna Norðurlandaráðs heyrnarlausra 1981-1982.

Askja CB5

Mappa 1

Gögn frá Norðurlandaráði heyrnarlausra (DNR):

Bréf 1981.

Preliminært program for Nordisk Foreningsseminarium i Reykjavik 24.-28. maj 1982.

Rapport från DPI-Kongressen i Singapore 30. november - 4. december 1981 af Bengt Lindquist.

Mappa 2

Gögn frá Norðurlandaráði heyrnarlausra (DNR):

Bréf 1982-1984.

Projekt i "Åldrevård för döva". Intervjuer med döva som tidigare bott på Lindingöhemmet/ Berghem, utförda augusti - oktober 1980.

Tillaga um skipulagningu á Norðurlandaráði heyrnarlausra, ódags.

Skýrslur aðildalanda vegna Norðurlandaráðs heyrnarlausra 1981-1984.

Nordisk Tegnsprogsseminar 8.-12. nov. 1982.

Mappa 3

XIV. menningarhátíð heyrnardaufra á Norðurlöndum 26.-30. júlí 1982.

Mappa 4

Gögn frá Norðurlandaráði heyrnarlausra (DNR):

Bréf 1985.

Skýrslur aðildalanda vegna Norðurlandaráðs heyrnarlausra 1985.

Report of a meeting of national associations of the deaf based in the european economic community, 1985.

Mappa 5

Gögn frá Norðurlandaráði heyrnarlausra (DNR):

Bréf 1986.

Félagsráðstefna Norðurlanda 1986.

Askja CB6

Mappa 1

Gögn frá Norðurlandaráði heyrnarlausra (DNR) 1986-1988:

Bréf 1987.

Skýrslur aðildalanda vegna Norðurlandaráðs heyrnarlausra 1986-1988

Ýmsar erlendar skýrslur um málefni heyrnarlausra 1986-1988.

Mappa 2

Gögn frá Norðurlandaráði heyrnarlausra (DNR) 1991-1992.

Mappa 3

Gögn frá Norðurlandaráði heyrnarlausra (DNR) 1985-1989:

Bréf 1987.

Skýrslur aðildalanda vegna Norðurlandaráðs heyrnarlausra 1986-1989.

Ýmsar erlendar skýrslur um málefni heyrnarlausra 1986-1989.

Mappa 4

Gögn frá Norðurlandaráði heyrnarlausra (DNR) 1995-1996:

Skýrslur.

Askja CB7

Mappa 1

Gögn frá Norrænni félagsmálaráðstefnu 24.-28. maí 1982:

Bréf 1982.

Dagskrá.

Bæklingar o.fl.

Mappa 2

Gögn frá Norrænni félagsmálaráðstefnu 24.-28. maí 1982:
Rapport fra Nordisk Foreningsseminar for dove.

Mappa 3

Gögn frá Alþjóðasamtökum heyrnarlausra (WFD) 1983-1987:
Bréf 1983-1987.
Skýrslur frá 9. heimsráðstefnu alheimssambands heyrnarlausra, 1983.
Skýrslur frá 10. heimsráðstefnu alheimssambands heyrnarlausra, 1987.
Lög WDF, 1969.
Starfsemi Sambands heyrnarlausra í Finnlandi, án árs.

Mappa 4

Alþjóðlegt frístundafélag heyrnarlausra (WRAD) 1986-1987:
Bréf 1987.
Umsókn um aðild.
Reglugerð Frístundafélags heyrnarlausra í Suður-Karólínu.
Constitution of the World Recreation Association of the Deaf (WRAD), 1986.

Mappa 5

Gögn frá Norrænni félagsmálaráðstefnu 1986:
Bréf 1986.
Dagskrá.
Vinnugögn frá ráðstefnunni.

Askja CB8

Mappa 1

Gögn frá heimspingi heyrnarlausra í Helsinki, Finnlandi 1987:
Bréf 1987
Ýmsir erlendir bæklingar og blöð um heyrnarlausa eða starf heyrnarlausra.
Ýmsar erlendar skýrslur um heyrnarlausa.
Dagskrá þingsins og skýrsla á íslensku um þingið.

Mappa 2

Gögn frá Alheimspingi heyrnarlausra (WFD):
Bréf 1988-1995
Lög WFD 1995.
Skýrslur 1984-1994
WFD-Bulletin 1992
Fyrirlestrar á 11. heimspingi WFD í Japan 1991.

Askja CB 9

Mappa 1

Norræn menningarhátíð heyrnarlausra í Danmörku 1978:
Bréf 1978
Dagskrá.
Bæklingar frá Norrænni menningarhátíð heyrnarlausra í Danmörku.
Tvær minnisbækur vegna Norrænnar menningarhátíðar heyrnarlausra í Danmörku, önnur merkt „Félag heyrnarlausra, Sigurborg Skjaldborg“.
Minnislistar vegna íslenskra þátttakenda.
Íslenskir þátttakendur á Norrænni menningarhátíð í Danmörku.
Ræða flutt við setningu Norrænu menningarhátíðarinnar í Danmörku.

Mappa 2

Gögn frá Nordiska kulturseminarium í Ål 1981.
Norræn menningarhátíð heyrnarlausra í Noregi 1982:
Bréf 1982.
Þátttakendur.
Dagskrá.

Ýmis vinnugögn og skýrslur um hátíðina.

Mappa 3

Norræn menningarhátíð heyrnarlausra í Noregi 1982:

Bréf 1982.

Pátttakendur.

Dagskrá.

Ýmis vinnugögn og skýrslur um hátíðina.

Mappa 4

Norræn menningarhátíð heyrnarlausra í Noregi 1982. Skýrsla.

Askja CB10

Mappa 1

Norræn menningarhátíð heyrnarlausra á Íslandi 1986:

Bréf 1986.

Dagskrá.

Leikritið „Frá Prestbakka til Leynimýri“.

Bæklingar frá Norrænni menningarhátíð heyrnarlausra á Íslandi.

Skýrsla og fyrirlestrar.

Mappa 2

Norræn menningarhátíð heyrnarlausra á Íslandi 1986:

Bréf 1986.

Dagskrá.

Leikritið „Frá Prestbakka til Leynimýri“.

Bæklingar frá Norrænni menningarhátíð heyrnarlausra á Íslandi.

Skýrsla og fyrirlestrar.

Askja CB11

Mappa 1

Mót aldraðra heyrnarlausra í Noregi 1975:

Rapport. Nordisk eldretreff for dove 1975.

Mappa 2

Mót aldraðra heyrnarlausra í Finnlandi 1976:

Bréf 1976.

Dagskrá.

Rapport. Döva pensionärers II nordiska konferenses 1976.

Mappa 3

Mót aldraðra heyrnarlausra í Reykjavík 1977:

Bréf 1977.

Dagskrá.

Skýrsla frá móti aldraðra í Reykjavík 25. júní - 2. júlí 1977.

Skýrsla til Vilhjálms B. Vilhjálmssonar formanns Foreldra- og styrktarfélags heyrnardaupra og Hervarar

Guðjónsdóttur formanns Félags heyrnarlausra.

Kynningarefni um Ísland á dönsku, íslensku og ensku.

Mappa 4

Mót aldraðra heyrnarlausra í Svíþjóð 1979:

Dagskrá.

Nordisk pensionärsträff 1979.

Inngangsorð eftir Daniel Jensen.

Ferðaáætlun á mót aldraðra.

Reikningsyfirlit vegna ferðar á mót aldraðra 1979.

Pátttakendur.

Bæklingar um ellilífeyri norsku.

Bæklingur um heyrnarleysi á sænsku.

Mappa 5

Mót aldraðra heyrnarlausra í Danmörku 1981:

Bréf 1981.

Skýrsla 1981.

Mappa 6

Mót aldraðra heyrnarlausra í Finnlandi 1983:

Bifogat rapporten över Dövas Nordiske Pensionärsläger sommaren 1983 i Finland.

Mappa 7

Leikhúsráðstefna í Leksand 22.-28. maí 1977:

Bréf 1977.

Dagskrá.

Skýrslur vegna leikhúsráðstefnu.

Gögn vegna leikhúsmála 1979, bréf, bæklingar o.fl.

Askja CB12

Mappa 1

Gögn frá norrænu æskulýðsmóti 1976-1980:

Bréf 1975-1980

Rapport från Nordiska Ungdomsseminariet 5.-9. okt. 1981.

Þátttakendur.

Þátttökugjald og kostnaður.

Dagskrár.

Skýrslur.

Mappa 2

Norrænt æskulýðsmót í Danmörku og Noregsferð 1982:

Þátttökutilkynningar.

Mappa 3

Norrænt æskulýðsmót 1983-1984:

Skýrslur.

Dagskrá.

Mappa 4

Æskulýðsmót á Íslandi 6.-12. júlí 1986:

Bréf 1985.

Mappa 5

Norrænt æskulýðsmót í Reykholti, Íslandi 1976:

Bréf 1975-1976.

Þátttakendur.

Dagskrá.

Kostnaður vegna mótsins.

Mappa 6

Ýmis bréf og skýrslur um unga heyrnarlausa 1986-1987.

Askja CB13

Mappa 1

Túlkaráðstefna 1976-1980:

Bréf 1976-1978.

Dagskrá.

Skýrslur.

Ýmis vinnugögn frá ráðstefnunni.

Ýmsir bæklingar um heyrnarleysi og táknmál.

Mappa 2

Gögn frá Alþjóðaári fatlaðra 1981 (ALFA):
Líf og list fatlaðra. Menningarvaka 28.11.-4.12.1981. [Bæklingur].
Tíundi hver maður er fatlaður. [Bæklingur].
Ræða frá aukapingi Sjálfsbjargar vegna Alþjóðaárs fatlaðra 1981.

Mappa 3

Ráðgjafafundur í Danmörku 1978:
Þátttakendur.
Dagskrá.
Ýmsar skýrslur.

Askja CB14

Mappa 1

Gögn frá Norðurlandaráði heyrnarlausra (DNR) 1985-1990.

Mappa 2

Gögn frá Norðurlandaráði heyrnarlausra (DNR) 1990-1991.

Askja CB15

Mappa 1

Gögn frá fundi Norðurlandaráðs heyrnarlausra í Reykjavík 8.-10. febrúar 1990.

Askja CB16

Mappa 1

Gögn frá Norðurlandaráði heyrnarlausra (DNR) 1992-1993.

Mappa 2

Gögn frá Norðurlandaráði heyrnarlausra (DNR) 1994.

Askja CB17

Mappa 1

Gögn frá Norðurlandaráði heyrnarlausra (DNR) 1995.

Askja CB18

Mappa 1

Gögn frá Norðurlandaráði heyrnarlausra (DNR) 1998-1999.

Mappa 2

Gögn frá fundi Norðurlandaráðs heyrnarlausra í Leksand maí 2000.

Askja CB19

Mappa 1

Ýmis gögn varðandi Norrænt unglíngamót á Laugarvatni 1998.

Mappa 2

Norrænt barnamót á Íslandi 2.-8. júlí 2001.

Mappa 3

Norrænt barnamót á Íslandi 2.-8. júlí 2001.

Askja CB20

Mappa 1

Gögn frá Norrænni menningarhátíð í Leksland 23. – 28. júlí 1990.

Mappa 2

Heimsókn til Svíþjóðar 2.-9. september 1988 í boði Alvikskólans í Stokkhólmi.

Askja CB21

Mappa 1

NSH – Nordisk Samarbetsorganet för handikappfrågor. Bréf og umsóknir vegna DNR - Norðurlandaráð heyrnarlausra

Youth verkefni 2002, Anna R. Valdimarsdóttir. Bréf, umsóknir, SALTO, Abilympis, bréfaskriftir vegna ungmennaskipta, undirbúningsheimsóknir, Ungt fólk í Evrópu 2001-2001.

Askja CB22

Mappa 1

Fjölmiðlar: Samskipti við fjölmiðla 2003 og ódagsett.

Mappa 2

Klúbbur 37. Lög Félags heyrnarlausra og Félags Íþróttafélags heyrnarlausra Efnahafs- og rekstrarreikningar, ársskýrslur 1994-2001.

Mappa 3 og 4

Norræn menningarhátíð heyrnarlausra 1984, haldin í Danmörku, bréf undirbúningsgögn o.fl.

Norræn menningarhátíð heyrnarlausra 1986, haldin á Íslandi, bréf undirbúningsgögn o.fl.

Mappa 5

Sumarbústaður Eyrarskógi Skorradal. Tillaga, tilboð o.fl. 1988.

Mappa 6

Málleysingjaskólinn, Heyrnleysingjaskólinn. Skýrslur, nemendaskrá o.fl. ca. 1953-1970.

Mappa 7

Táknmál heyrnarlausra. helstu verkefni á döfnni hjá Félagi heyrnarlausra, ódags.

Lokaskýrsla landsnefndar fyrir Evrópuráð heyrnarlausra. FH 1997.

Tvítýngd leikskóladeild, þróunarverkefni 1991-1992, lokaskýrsla júlí 1993, Hafdís Gísladóttir.

Táknmál í ljósi mannréttindalaga, Ragnar Aðalsteinsson 1998.

Blaðaúrklippur um heyrnarlausra o.fl.

Mappa 8

Félag heyrnarlausra 96. Eyðublöð, frumrit, sjá lista.

Askja CB 23

Mappa 1

Viðurkenning tákn máls, erlend og innlend gögn. Umsögnum þingsályktun um íslenskt táknmál 1997.

Athugun á réttarstöðu heyrnarlausra vegna ályktunar Alþingis um stöðu Íslenska tákn málsins 2000.

Ýmist erlent og innlent efni, greinargerðir, upplýsingabæklingar o.fl.

Mappa 2

Viðurkenning á tákn máli, gögn ásamt fylgiskjölum 1998-2004.

Mappa 3

Táknmál 1988-2003. Bréf. Frumvarp til laga.

Íslandsdeild þingmannanefndar EFTA, ályktun um táknmál heyrnarlausra o.fl.

Mappa 4
Táknmálsfrumvarp ásamt bréfi og greinargerð Alþingis 2007.

Askja CB 24

Puttalingur 2002-2006 – ungmennadeild Félags heyrnarlausra stofna 23. apríl 2003.

Mappa 1
Lýsing á Puttalingi og starfsemi.
Fundargerðir 2005 og 2006

Mappa 2
Puttalingar 2002.
Fundargerðir, Bréf út, inn. ungmennaskipti, dagskrá, fjárhagsáætlun, félagatal, efni frá Danmörku, Íslenski hópurinn til Englands –umsókn og samningur, samantekt á starfi Puttalinga o.fl.

Mappa 3
Bréfa- og málasafn 2004. Bréf, félagatal, dagskrá, Grikklandsverkefnið, mót erlendis, bæklingar, fjármál, ungt fólk í Evrópu o.fl.
Fréttabréf 23. apríl 2002.

Mappa 4
Ungmennaskipti hjá samfélagi heyrnarlausra 2003.

Vinnugögn

Askja CC1

Mappa 1
Gögn frá Hervöru Guðjónsdóttur 1975-1981:
Bréf 1977-1978.
Heimsping heyrnarlausra 1977.
Ljósmyndir frá mótmælagöngu heyrnarlausra í Finnlandi.
Skýrslur vegna Norðurlandaráðs heyrnarlausra.

Mappa 2
Gögn frá Vilhjálmi G. Vilhjálmsyni 1975-1986:
Bréf stjórnar 1981-1982
Bréf 1986
Fjárhagsáætlun 1985.
Happdrætti 1985.
Aðilar nefnda og ráða Félags heyrnarlausra.
Spurningakeppni 1984
Árshátíð 1982, 1984.
Lög Félags heyrnarlausra 1980.
Skipulagsskrá fyrir endurhæfingarstöð heyrnarskertra 1983.
Dagskrár og félagsstarf 1975-1986.
Reglur félagsheimilis (Bannlisti).
Menningarhátíð 1986.

Mappa 3
Gögn frá Vilhjálmi B. Vilhjálmsyni 1982-1989:
Bréf 1987.
Árshátíð 1988.
Nokkur orð um starfsemi Félags heyrnarlausra.
Happdrætti 1983-1987.
Táknmálstúlkar.

Heyrnartæki og önnur tæki fyrir heyrnarlausra.
Menningarhátíð í Noregi 1982.
Lög Deyvafelag Foroya.
Ársskýrsla formanns Félags heyrnarlausra 1989.

Askja CC2

Mappa 1
Dagbók 1990, vinnugögn. Dagbók Norræna barnamóts heyrnarlausra á Íslandi 30. júní - 7. júlí 1991.

Mappa 2
Dagbók 1990, vinnugögn.

Mappa 3
Viðskiptadagbókin. Dvalarheimili aldraðra heyrnarlausra við Vesturhlíð 1993, vinnugögn.

Mappa 4
Dagbók 1995. Félagsheimili, leiga á sal, leiga á sumarbústað, fundaherbergi - tímapantanir.

Askja CC3

Mappa 1
Dagbækur 1993-1996, vinnugögn.

Askja CC4

Mappa 1
Ýmis vinnugögn er tengjast Öryrkjabandalagi Íslands og aðild Félags heyrnarlausra að því 1998-1999.

Mappa 2
Ýmis vinnugögn er tengjast Öryrkjabandalagi Íslands og aðild Félags heyrnarlausra að því 1999-2000.

CD Ýmis sérmál

Askja CD1

Mappa 1
Menningardagar heyrnarlausra á Íslandi 28. september - 9. nóvember 1997:
Áætlun og kostnaður vegna Menningardaga heyrnarlausra
Gögn varðandi málverkasýningu Vilhjálms G. Vilhjálmssonar í Listasafni ASÍ á Menningardögum heyrnarlausra.
Gögn varðandi lagið „Karen Eir“ sem gefið var út á geisladisk 1997.
Auglýsingar frá styrktaraðila Félags heyrnarlausra, Skeljungu, vegna kynningarátaks undir slagorðinu „Íslenskt táknmál er okkar mál“.
Fréttatilkynningar vegna Menningardaga heyrnarlausra.
Táknmálstúlkun á leikritinu Veðmálið sem sýnt var af Leikfélagi Íslands 1997.
Stuttmyndahátíð.
Barnaleikritið „Hræddi Örninn“.
Ljóðakvöld .
Ýmis gögn varðandi Sænska leikhópurinn „Tyst teater“ sem sýndi á Menningardögum heyrnarlausra.

Askja CD2

Mappa 1
Táknmálsfréttir 1980-1982, m.a. fyrstu táknmálsfréttirnar í sjónvarpi.

Mappa 2
Táknmál:

Bréf 1991

Myndaspjöld með táknmáli.

Gögn frá 3rd European Congress on Sign Language Research 1989.

Þýðing á grein úr Dövebladet, apríl 1981: „Er táknmál mál???”

Erlendar skýrslur og umfjallanir um táknmál.

Staða táknmálsins í menningu heyrnleysingja eftir Eino Savisaari.
